



Kópavogi, 27. maí 2026

26042448/501.00 BR

Efni: Umsögn gatnadeildar um stígagerð í botni Kópavogs

Betri samgöngur fyrirhuga að endurnýja stíga sem liggja í botni Kópavogs vestan við Hafnarfjarðarveg og hafa óskað eftir framkvæmdaleyfi til skipulags- og umhverfisráð Kópavogs.

Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum er á meðal gagna málsins og verður ekki lýst nánar hér.

Um er að ræða mjög jákvæða framkvæmd fyrir gangandi- og hjólandi umferð og mun tengjast samskonar stígafyrirkomulagi á Kópavogshálsi og í Garðabæ. Hönnun stígsins hefur verið unnin í nánu samstarfi með gatnadeild sem hefur staðið vörð um hagsmuni Kópavogs og upplýst um sérstakar aðstæður sem er að finna á þessu svæði s.s. friðlýsinga og menningarminja í jörð. Hönnunargögn eru fullnægjandi og í samræmi við gildandi reglur og leiðbeiningar. Samhliða breikkun stígsins mun Vegagerðin endurnýja vegriðsvarnir meðfram Hafnarfjarðarvegi og settur verður upp gegnsær hljóðvarnarskermur svo ásýnd svæðisins breytist sem minnst en hljóðvist í botni Kópavogs verði betri en áður.

Gatnadeild gerir engar athugasemdir við fyrirhugað framkvæmdaleyfi og framkvæmd.

Virðingarfyllst,
Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar
(undirritað rafrænt)

